

**Ávarp forsetafrúar
Elizu Reid
við afhendingu Eyrarrósarinnar
Garður
12.febrúar 2019**

Kæru gestir! Mér er það sönn ánægja að vera með ykkur hér í dag, og mikill heiður að fá að afhenda Eyrarrósina þriðja árið í röð! Í fyrra og hittifyrra heillaðist ég af því hve verkefnin, sem komu til álita, voru fjölbreytt og vel unnin, og sú er sannarlega líka raunin í ár.

Act Alone á Suðureyri, Gamanmyndahátíð Flateyrar, List í ljósi á Seyðisfirði, Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Norðanáttin í Snæfellsbæ, LungA skólinn á Seyðisfirði og Plan-B listahátíð í Borgarnesi: Ég óska öllum, sem hafa unnið að þessum viðburðum, hjartanlega til hamingju. Fólk hefur greinilega lagt sig fram og auðgað menningarlífið víða um land, okkur öllum til hagsbóta. Og ég skal fúslega viðurkenna að nú þegar líður að verðlaunaafhendingu hlakka ég til þess að uppgötva á hvaða stað við hittumst að ári.

Ég hef sagt það oft að sem Íslendingur með erlendar rætur hef ég einna helst heillast af hinu fjölbreytta lista- og menningarlífi sem þrífst hér á landi, og þeirri virðingu sem er borin fyrir listsköpun. Ég fagna því að búa í landi þar sem hægt er að njóta viðburða af því tagi sem hér hafa verið nefndir. Þið, sem standið að þeim, eigið öll þakkir skildar; takk fyrir allan ykkar dugnað, metnað og fagmennsku. Leyfið mér líka að nefna að þrjár þeirra hátíða, sem nú eru tilnefndar, hafa þegar skapað sér fastan sess í menningarlífinu. Þeir, sem eru nær byrjunarreitnum, fyllast vonandi eldmóði við það að vita af þeirri velgengni.

Kæru vinir! Pablo Picasso mun hafa sagt að list væri ætlað að dusta ryk hins daglega lífs af sálum okkar. List nærir líf okkar og anda. Ég þakka öllum, sem eru tilnefndir til Eyrarrósarinnar, fyrir að gera sitt í þeim efnum.